



Atvinnuvegaráðuneytið

Skúlagötu 4

101 REYKJAVÍK

Bændahöllinni , 6. mars 2019

Efni: Umsögn Félags svínabænda á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993, 93/1995, 22/1994

Í meðfylgjandi umsögn sem undirritaður sendir inn fyrir hönd Félags svínabænda verður fyrst og fremst vakin athygli á þeim hagrænu áhrifum sem ætla má að frumvarpið muni hafa á íslenska svínarækt og landbúnað verði það að lögum. Þó verður ekki hjá því komist að nefna þá umfjöllun sem verið hefur um mikilvægi þess að verja lýðheilsu almennings auk hættunnar á að nýir búfjárjúkdómar berist til landsins. Fullt erindi er til að taka undir þau sjónarmið. Til fróðleiks er rétt að upplýsa að heilnæmi íslenska svínastofnsins leiðir af sér að einungis eitt land í heiminum uppfyllir kröfur Íslands varðandi innflutning á erfðefni til landsins. Svínabændum er einungis heimilt að flytja inn djúpfryst svínasæði frá Noregi og fá afhent inn á bú eftir 30 daga sóttkví. Kostnaður við þetta ferli er um 15 til 20 faldur í samanburði við kollega okkar erlendis. Í haust greindist nýr sjúkdómur í norskum svínum (PRCV) sem varð þess valdandi að innflutningur á erfðafefni til landsins liggur niðri og málið er á borði MAST og landbúnaðarráðuneytisins og framhaldið óljóst á þessu stigi málsins. Einnig er rétt að vekja athygli á að með innflutningi á fersku kjöti til landsins eykst smithætta af MRSA. Því að þó frysting drepi ekki bakteríuna liggur hún í dvala þegar kjötið er frosið og í flutningi, ólíkt því sem mun gerast þegar kjötið er flutt ferskt inn til landsins. Þannig aukast líkur á smiti við flutning kjötsins. Í þessu samhengi er vakin athygli á eftirfarandi tilvitnun í viðtali sem tekið var við Karl G. Kristinsson prófessor og yfirlækni á sýklafræðideild Landspítala í Bændablaðinu þann 17. mars 2017:

„Sagði Karl að búfjártengdum MÓSA tilvik (Livestock Associateed MRSA, LA-MRSA) breiddust nú hratt út um Evrópu, einkum í Danmörku og Hollandi. Vísaði hann til þeirrar ógnvænlegu þróunar sem orðið hefur í smituðum svínahjörðum í Danmörku. Á árinu 2008 reyndust 5% svínahjarða í Danmörku vera smitaðar af lyfjaónæmu bakteríunni MRSA (Methicillin-resistant Staphylococcus aureus). Árið 2011 voru það 15% hjarðanna. Árið 2014 voru

68% smitaðar og á árinu 2016 voru 88% svínahjarða í Danmörku smitaðar af MRSA.“

MRSA bakterían getur sýkt menn, einkum það fólk sem býr nálægt svínabúunum. Fólk smitast m.a. af ryki frá dýrunum en einnig af matvælum.

Eftirfarandi texti er tekinn úr viðtali í Bændablaðinu þann 12. mars 2016 við Vilhjálmm Ara Arason, heimilislækni og sérfræðing í sýklalyfjanotkun barna og útbreiðslu sýklaónæmra baktería:

„Í svínaeldi í Danmörku er notað mikið að sýklalyfjum og bera svínin mikið af sýklalyfjaónæmum klasakokkum í sér og á. Rannsóknir hafa sýnt að allt að þriðjungur svínabænda í Danmörku bera í sér sýklalyfjaónæma samfélagsmósa sem þeir hafa væntanlega fengið frá svínunum.

Bakteríurnar geta verið áfram í kjötinu eftir að dýrunum hefur verið slátrað og í raun óhjákvæmileg mengun sem erfitt er að komast hjá. Bakteríurnar berast því áfram með kjötinu. Aðeins lítill hluti bakteríanna drepst við frystingu því megnið af þeim leggst í dvala og klekst aftur út þegar kjötið er þítt. Kosturinn við frystingu á kjöti er að hún heldur niðri vexti bakteríanna tímabundið. Þetta þýðir í raun að hingað geta hæglega borist ónæmar bakteríusýkingar með frystu kjöti og breiðst út eftir að það er þítt og handleikið.

Undirritaður vill vekja athygli á að Danmörk er það land sem mest er flutt inn af svínakjöti til Íslands og að aldrei hefur fundist MRSA í íslenskri svínarækt þrátt fyrir reglulegar skimanir. Staðreyndin er hins vegar enn sú að meirihluti svínabúa í Danmörku og Evrópu eru MRSA jákvæð og algengt er að þessi baktería finnist í kjöti í verslunum erlendis sbr. <https://ing.dk/artikel/mrsa-bakterier-hver-anden-pakke-dansk-svinekoed-193446>

Einnig gerir Félag svínabænda eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Fram hefur komið á kynningum hjá landbúnaðarráðherra að utanríkisráðherra hafi á 30 mínútna fundi með utanríkismálaráðherra ESB í síðasta mánuði farið yfir stöðu mála. Á þeim fundi hafi allur vafi verið tekinn af um að ekki væri hægt að fá undanþágu frá matvælalöggjöf ESB. Í greinarargerð með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram um þetta mál „Hinn 12. febrúar 2019 var haldinn símafundur að beiðni utanríkisráðherra Íslands og var megingtilefni hans að

ræða niðurstöðu EFTA-dómstólsins í málinu.“ Ekki verður hjá því komist að benda á algjört vanhæfi utanríkisráðherra sbr. hans fyrri ummæli um íslenskan landbúnað um tollvernd sem þingmaður á Alþingi Íslendinga. En þau eru m.a. :

81. fundur 9. mars 2006
Guðlaugur Þór Þórðarson.

"En hins vegar sé ég enga sérstaka ástæðu til að vernda með tollum eða öðru slíku landbúnað eins og alifuglarækt, svínarækt og annað slíkt sem er að mörgu leyti líkari iðnaði en landbúnaði."

25. fundur 11. nóvember 2004
Guðlaugur Þór Þórðarson.


*"Ég velti því fyrir mér hvort það væri skynsamlegt af okkur að skilgreina hagsmuni okkar á landbúnaðarsviðinu út frá þeim forsendum.
Það er þyngra. Að líta fyrst og fremst á hefðbundna sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu og þá kjötframleiðslu sem að því lýtur. Kannski minnka þá innflutningshöftin á öðrum sviðum á einhverjum árum. Þá vísa ég í þann landbúnað sem er kannski ekki hefðbundinn sögulegur landbúnaður, svínarækt, kjúklingarækt og annað slíkt."*

Óhjákvæmilegt er að benda á að ákveðin tollvernd fellst í því að hafa frystiskyldu á innfluttu kjöti. En þegar búið er að frysta kjötið rýrnar það að verðgildi. Má í þessu samhengi benda á að þegar dýralæknar fóru í verkfall árið 2015 þvinguðu þeir svínabændur til að setja ekki kjöt á markað. Þá var kjötið fryst og það lækkaði um 20% í verði. Því blasir það við að utanríkisráðherra sem lengi hefur viljað rýra og jafnvel fella niður tollvernd í svína- og kjúklingarækt er algjörlega vanhæfur til að leiða málið fyrir Íslands hönd. Sú staðreynd ein og sér kallar á að málið sé aftur tekið upp við Evrópusambandið.

2. Ljóst má vera að tími til gildistöku er allt of knappur (1. september nk.) og eykur líkur til muna á að frumvarpið fái ekki nægjanlega vandaða og mikla umfjöllun eins og efni standa til, af þeim sökum er lagt til að frestur til gildistöku sé lengdur umtalsvert
3. Varðandi aðgerðaráæltun sem kynnt hefur verið er rétt að vekja athygli á að undirritaður fór árið 2011 í kynningarferð til Finnlands á svokölluðum Taiex styrk á vegum ESB. Tilgangur ferðarinnar var að fá upplýsingar um reynslu finnskra svínabænda af inngöngu í ESB. Fundir voru m.a. haldnir með systurstofnun MAST í Finnlandi, finnska landbúnaðar- og skógræktarráðuneytinu, formanni finnskra svínabænda og framkvæmdastjóra stærsta sláturleyfishafa Finna. Mikið var rætt um svokallaðar viðbótartryggingar í salmonella. Reynsla Finna af vottorðum frá löndum í Austur og Suður Evrópu var sú að algengt væri að afurðir væru smitaðar af salmonella þrátt fyrir vottorð sem staðfestu hið gagnstæða. Einnig telur undirritaður að það sé í besta falli langsótt að íslensk stjórnvöld geti lagt sambærilegar kröfur á innflutt alifuglakjöt þegar kemur að kampýlobakter. Ekki er neitt í matvælalöggjöf ESB sem kveður á um að óheimilt sé að dreifa alifuglakjöti smituðu af kampýlobakter. Mjög jákvætt er að sjá að til

standi að fara í áttak um betri merkingar matvæla þó að reynslan af slíkri vinnu hafi ekki skilað miklu hingað til samanber áttak sem var gert í þeim málum árið 2014. Óskað er eftir að þrennu verði bætt við þessa aðgerðaráætlun:

- a. **Skipaður verði starfshópur sem fjalli um tollverndina og yfirfari núverandi tollaskrá. Frumvarpið verði ekki að lögum fyrr en starfshópurinn hefur skilað sínum tillögum og ráðherra hefur hrint þeim í framkvæmd.** Það er nauðsynlegt að stjórnvöld móti sér langtímastefnu varðandi tollvernd í íslenskum landbúnaði. Nýr tollasamningur við ESB, frumvarp sem hér er til umfjöllunar og breytt fyrirkomulag við útboð á tollkvótum eru allt breytur sem fyrir séð er að munu rýra afkomu íslenskra bænda. Þá er núverandi tollaskrá einnig „barn síns tíma“ og hægt er að flytja inn góða vöðva á tollskrárnúmerum sem bera lágan toll einfaldlega vegna þess að það vantar tollskrárnúmer fyrir viðkomandi vöru. Þetta fékk undirritaður staðfest á fundi með fulltrúum embættis tollstjóra þann 27. febrúar síðastliðinn. Þá hefur tollverndin rýrnað mikið í árána rás - þ.e. ekki fylgt verðlagi - og nauðsynlegt að uppreikna hana til verðlags dagsins í dag.
- b. **Skipaður verði starfshópur sem skoði verðmyndun á markaði frá frumframleiðslu til neytenda, og ef tilefni verði til, skili tillögum til úrbóta til ráðherra samkeppnismála.** Hér þyrfti m.a. að skoða svokallaðan skilarétt sem verslanir hafa á innlendu kjöti. Einnig er nauðsynlegt að meta hvaða áhrif það getur haft á innlenda framleiðslu þegar mikið magn innflutts kjöts með skamman líftíma kemur inn á markaðinn. Svínabændur hafa – við slíkar aðstæður – lent í því að fá ekki slátranir fyrir sína gripi. Þessi staða kom síðast upp síðastliðið vor þegar mikið var flutt inn af svínakjöti í apríl mánuði 2018. Á síðustu 6-7 árum hefur innflutningur á svínakjöti 5 faldast að magni og innflytjendur á kjöti hafa fengið greiddar til baka yfir þrjú þúsund milljónir króna úr ríkissjóði. Meðf. mynd sýnir hvernig verðþróun á svínakjöti til bænda og neytenda hefur verið á sama tíma.



Niðurstaðan er sláandi þ.e. á umræddu tímabili hefur undirvísitala Hagstofunnar „kjöt unnið, reykt og saltað“, sem er að uppistöðu til svínakjöt, hækkað um 13% en skilaverð til bænda lækkað um 9%. Fróðlegt væri að skoða verðþróunina fyrir aðrar kjötgreinar á sama tíma. Rétt er að vekja athygli á að stærstu hluti innflutts kjöts á þessum tíma hefur komið inn á svokölluðum opnum tollkvótum. Þetta línurit er sérstaklega áhugavert að skoða með hliðsjón af áðurnefndum þrjú þúsund milljónum sem innflytjendur hafa fengið endurgreiddar.

- **Skipaður verði starfshópur sem meti samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar í samanburði við lönd ESB og skili af sér tillögum um hvernig megi jafna samk.stöðu bænda hér á landi við kollega þeirra erlendis.** Ekki þarf að hafa mörg orð um hátt vaxtastig og launakostnað í innlendri framleiðslu til samanburðar við lönd ESB. Það eru þó önnur atriði sem einnig þarf að skoða. Staðreyndin er sú að við erum að keppa við framleiðslu þar sem sýklalyfjanotkun í landbúnaði er allt að 80 föld m.v. það sem er hérlendis og hormónagjöf er hluti af daglegum rekstri. Undirritaður hefur séð þetta allt með berum augum hjá kollegum okkar erlendis. Þá kom nýverið fram í viðtali við yfirdýralækni að hér á landi væru bændur að bólusetja gegn galtarbragði enda búið að banna bændum að gelda grísi. Í Evrópu gelda bændur almennt galtargrísi sjálfir. Ísland hefur nýverið tekið upp eina metnaðarfullstu löggjöf í dýravelferð svína. Eftir að búið verður að innleiða hana að fullu stöndum við jafnfætis Norðmönnum sem eru öðrum þjóðum til fyrirmyndar í dýravelferð. Einnig þarf að bera saman styrki til svínaræktar í ESB við Ísland. Niðurgreiðslur til útflutnings í ESB, styrki til endurbóta, nýbygginga og nýsköpunar. Hér bera framleiðendur og sláturleyfishafar mikinn kostnað af sýnatökum og eftirliti samkvæmt sér íslenskum reglum. Það umhverfi þarf að skoða til samanburðar við lönd ESB. Dæmi um slíkan samanburð eru kröfur/kostnaður vegna salmonella og kamylobakter. Jafna ber leikinn með beinum fjárstuðningi við greinina og eða með öðrum hætti s.s. tollum. Allt rýrir þetta samkeppnisstöðuna gagnvart innfluttu kjöti og stjórnvöld mega ekki loka augunum fyrir stöðunni sem upp er komin.

Undirritaður hefur fulla trú á að stjórnvöld vandi til verka í þessu viðkvæma máli. Mikilvægt er að stjórnvöld fylgi í verki eigin stjórnarsáttmála sem kveður á um að efla skuli innlenda matvælaframleiðslu. Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur.

Virðingarfyllt,

F.h. Félags svínabænda

Ingvi Stefánsson